



Minnisblað

Viðtakandi	Fjárlaganefnd	Dagsetning	10. maí 2024
Sendandi	Utanríkisráðuneyti	Málsnúmer	UTN24030555

Opnun sendiráðs á Spáni

Tillaga um opnun sendiráðs Íslands á Spáni hefur ítrekað verið til umfjöllunar í tengslum við gerð fjármálaáætlana og fjárlaga en hefur til þessa ekki hlotið brautargengi. Á fundi utanríkisráðherra með fjárlaganefnd, dags. 6. maí sl., um fjármálaáætlun fyrir tímabilið 2024 til 2025 óskaði formaður fjárlaganefndar eftir því að utanríkisráðuneytið sendi nefndinni minnisblað þar sem gerð yrði grein fyrir tillögu utanríkisráðuneytisins.

Tillagan sem var til skoðunar við undirbúning fjármálaáætlunar fyrir tímabilið 2025 til 2029 felur í sér að framlög til málaflokksins 04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála aukist um 177 m.kr. árið 2025, en lækki aftur um 45 m.kr. árið 2026, m.ö.o. að viðbótarframlög til málaflokksins verði 177 m.kr. árið 2025 og 132 m.kr., á ári, eftir það, miðað er við verðlag fjárlaga 2024. Þessum framlögum er ætlað að mæta kostnaði við tvo útsenda starfsmenn (sendiherra og staðgengil hans), staðarráðna starfsmenn, húsaleigu og annan rekstrarkostnað sendiráðs. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að fyrsta árið falli til stofnkostnaður að fjárhæð 45 m.kr. vegna flutninga, uppsetningar nauðsynlegrar aðstöðu, búnaðarkaupa, lögfræðiráðgjafar, ráðningaþjónustu o.fl. Greinargerð utanríkisráðuneytis með tillögunni var svohljóðandi.

Greinargerð:

Lagt er til að opnað verði sendiráð Íslands í Madrid á Spáni. Jafnframt er lagt til að fyrirvar vegna Andorra verði fært til sendiráðs Íslands í Madrid. Gert er ráð fyrir 45 m.kr. stofnkostnaði á fyrsta árinu en að rekstrarkostnaður muni að jafnaði verða um 132 m.kr. á ársgrundvelli.

Spánn hefur rekið sendiskrifstofu á Íslandi í húsakynnum Evrópusambandsins frá árinu 2019, fyrst í formi aðalræðisskrifstofu, en frá 2020 hefur verið búsettur í Reykjavík chargé d'affaires sem forstöðumaður sendiskrifstofunnar, en sendiherra gagnvart Íslandi situr í Ósló. Á haustmánuðum 2024 flytur sendiskrifstofan í nýtt og stærra húsnæði á Suðurgötu.

Forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Íslands og Spánar hafa ítrekað rætt um mögulega opnun sendiráðs Íslands á Spáni á undanförunum árum. Spænskir ráðamenn hafa lagt þunga áherslu á eflingu tvíhliða samskipta ríkjanna, svo og á gagnkvæmni varðandi opnun sendiskrifstofa. Ísland hefur eingöngu verið með kjöræðismenn á Spáni, en sendiherra gagnvart ríkinu situr í París. Ísland er eina ríki Atlantshafsbandalagsins sem ekki hefur sendiráð í Madrid. Því er ekki um gagnkvæmni að ræða í stjórnmalasambandi ríkjanna í skilningi Vínarsamningsins. Árið 2024 verða 75 ár liðin frá því að ríkin stofnuðu til stjórnmalasambands.

Spánn er fjórða fjölmennasta ríki Evrópusambandsins og þungavigtarríki í öllu starfi Evrópusambandsins. Spænsk stjórnvöld tóku á móti starfsmanni úr íslensku utanríkisþjónustunni á meðan á formennsku þeirra stóð á síðari hluta árs 2023 til að stuðla að bættu upplýsingaflæði milli ríkjanna og ESB. Ísland er eina Atlantshafsbandalagsríkið sem ekki heldur úti sendiskrifstofu á Spáni sem er lykilorði innan Atlantshafsbandalagsins, myndar suðurblokk þess, ásamt Portúgal, Ítalíu og Frakklandi og hefur strategisku hlutverki að gegna vegna legu sinnar við Miðjarðarhaf og Afríku. Sögulegt samband Spánar við rómönsku Ameríku er einnig mikilvægt í alþjóðapolítísku samhengi.

Talið er að um 3.500 Íslendingar eigi fasta búsetu á Spáni, en mörg þúsund Íslendingar dvelja þar enn fremur tímabundið um lengri eða skemmri tíma sem ferðamenn og dvalargestir árið um kring. Spánn er einn helsti áfangastaður íslenskra ferðamanna og sérstaklega vinsælt hjá fólki sem komið er yfir miðjan aldur að dvelja þar lengri dvöl yfir veturinn. Íslendingar eiga um 4.000 fasteignir í Alicante og Murcia og um 1.500 þeirra eru búsettir á því svæði, en um þúsund manns á Kanaríeyjum. Gríðarlega mikið álag er á kjöræðismenn Íslands á Spáni vegna verkefna sem tengjast þessum hópi varðandi aðstoð vegna skilríkja (um 80 neyðarvegabréf 2022), sakamála (fíkniefnamál, árásir, fangar), veikinda (spítalavist eldri borgara og öryrkja með takmarkaða tungumálakunnáttu sérstakt úrlausnarefni), dauðsfalla (um 25 andlát árið 2022) og ýmis konar borgarþjónustu. Sá hópur sem dvelur langdvölum á Spáni nýtir sér einnig þjónustu við utankjörfundaratkvæðagreiðslur, um 350-400 manns árið 2022. Íslendingar á Spáni þurfa að sækja þjónustu við vegabréfaútgáfu og önnur skilríki til sendiráðsins í París eða annarra íslenskra sendiráða með slíka þjónustu. Í mati frá 2018 sem gert var á erindum til borgarþjónustu var um 80% erinda og verkefna varðandi Spán.

Kostnaðaráætlun:

Gert hefur verið ráð fyrir kostnaði við tvo útsenda starfsmenn og nokkra staðarráðna starfsmenn, auk þess sem gert hefur verið ráð fyrir húsaleigu fyrir skrifstofuhúsnæði sendiskrifstofunnar og öðrum rekstrarkostnaði. Þá er gert ráð fyrir aukakostnaði fyrsta árið, þar sem margvíslegur kostnaður fylgir opnun sendiráðs, t.a.m. flutningar, húsgögn, lögfræðiráðgjöf o.fl.

Útgjöld, m.kr.	2025	2026	2027	2028	2029
Rekstrarframlög	177,0	132,0	132,0	132,0	132,0
Rekstrartilfærslur					
Fjármagnstilfærslur					
Fjárfestingarframlag					
Samtals gjöld	177,0	132,0	132,0	132,0	132,0
Rekstrartekjur					
Greitt úr rikissjóði	177,0	132,0	132,0	132,0	132,0